

**Ed.**

**324. Tillaga**

til þingsályktunar um Hafnarfjarðarveg.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar í stað rannsaka, hvar heppilegast sé frambúðarvegarstæði milli Hafnarfjarðar annarsvegar og Suðurlandsbrautar og Reykjavíkur hinsvegar, gera áætlun um kostnað slíks vegar og leggja fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Tillaga þessi er samkvæm tillögu vegamálastjóra til samgöngumála-nefndar efri deildar, er hann svarar erindi nefndarinnar viðvíkjandi frumvarpi því, er nú liggur fyrir viðvíkjandi nýjum vegi milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar.